

Fundargerð stjórnar BÍS 21/2010.

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123, miðvikudaginn 3. nóvember 2010 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Jón Þór Gunnarsson, fulltrúi alþjóðaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Heimsókn stjórnar skátafélagsins Seguls: BB bauð stjórn Seguls velkomna á fundinn. Stjórn Seguls andmælti bréfi stjórnar BÍS frá 8. október þar sem vakin var athygli á að félagsforingi Seguls uppfyllti ekki hæfisskilyrði reglugerðar BÍS um skátaforingja vegna aldurs. Stjórn BÍS ítrekaði að hún hefði ekkert út á störf Baldurs Árnarsonar að setja, en það væri hennar hlutverk að hvetja skátafélögin til að fara eftir lögum og reglum BÍS. Það væru ríkar ástæður fyrir því að þetta ákvæði væri í reglugerðinni. Ákveðið að stjórnirnar vinna sameiginlega að lausn málsins.
3. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
4. Starfsyfirlit og fundargerðir: Skrifstofu, alþjóðaráðs, Landsmótsstjórnar, Fararstjórnar Jamboree 2011 og Úlfljótsvatnsráðs lágu fyrir.
5. Fjármál: FF kynnti 9 mánaða uppgjör BÍS. Staðan er í jafnvægi.
6. Viðbragðsáætlun BÍS: BB lagði fram drög að reglum. Umræða, athugasemdir óskast sendar til Ragnheiðar Ragnarsdóttur, fræðslustjóra.
7. Ráðstefnur og viðburðir:
 - a. Vika 43: Átakið er liðið og komst því miður ekki mikið í fjölmiðla.
 - b. Æskan-rödd framtíðar: Ráðstefna á vegum Menntamálaráðuneytisins þar sem kynntar voru og fjallað var um niðurstöður rannsóknar á högum ungs fólks á öllum norðurlöndunum. JA sótti ráðstefnuna.
 - c. Björgun 2010: Ráðstefna Slysavarnafélagsins Landsbjargar um björgunarmál. HS mætti við setningu.
 - d. „Ef við lítum yfir farinn veg...“: Málþing sem haldið var af BÍS í Háskólanum í Reykjavík þriðjudagskvöldið 2. nóvember, í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá upphafi kvenskátastarfs í heiminum. Um 130 manns sóttu málþingið, sem er betri þátttaka en bjartsýnustu konur þorðu að vona. Kvöldið tókst í alla staði vel. Stjórn BÍS vill þakka skipuleggendum, Guðnýju Björk Eydal, Halldóru Guðrúnu Hinriksdóttur og Jenný Dögg Björgvinsdóttur fyrir framtakið.
 - e. Bland í poka: Þetta fjölnámskeið verður haldið að Laugum í Sælingsdal um næstu helgi og er útlit fyrir mjög góða þátttöku.
 - f. Forsetamerkið: Merkið var afhent í Bessastaðakirkju laugardaginn 23. október og voru 15 rekkaskátar sem veittu því viðtöku að þessu sinni. Hugvekju flutti Karl Njálsson, alþjóðaráði.
 - g. Fundur með Dr. Howard Williamson, sérfræðingi í Youth Policy: Menntamálaráðuneytið hefur boðið fulltrúum BÍS og annarra aðildarsamtaka Æskulýðsvettvangsins að spjalla við Howard í hádeginu á föstudaginn, en hann flytur fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík á fimmtudag.

- h. Forvarnardagurinn: Dagurinn er í dag og hófst með kynningarfundum í gær þar sem BB mætti.
8. Þátttaka BÍS í erlendum viðurðum:
- a. Námskeið og ráðstefnur: JIB telur alþjóðaráð þurfa að ráðfæra sig við önnur ráð þegar ákvarðanir eru teknar. Samþykkt að ráðin auki samstarf sitt á þessu sviði.
 - b. World Scout Youth Forum: Vegna mikils kostnaðar hefur ekki verið gert ráð fyrir þátttöku frá BÍS á WSYF 2011 í Brasilíu. BÍS hefur nánast aldrei sent fulltrúa á WSYF. JÞG og JIB falið að gera tillögur um hvernig BÍS ætti að standa að málum til framtíðar.
9. Útílífsmiðstöð skáta Úlfjótssvatni:
- a. Rekstrarniðurstaðan er jákvæð eftir sumarið, sem fyrst og fremst má þakka auknum tekjum af tjaldsvæði og af þjónustu við erlenda hópa. Vegna þessa er unnt að ráðast í viðhald á gluggum og klæðningu á JB skála.
 - b. Fulltrúar eigenda ÚSÚ áttu fund með stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur í liðinni viku. Þar kom fram að stefnt er að sölu jarðarinnar. OR býður skátum að taka þátt í skipulagsvinnu á svæðinu.
10. Skátaping 2011: Skátafélagið Heiðabúar hefur boðið stjórn BÍS að Skátaping 2011 fari fram í Reykjanesbæ. Stjórn BÍS þakkar gott boð og samþykkir að Skátaping 2011 fari fram í Reykjanesbæ dagana 18.-20. mars 2011.
11. Önnur mál:
- a. Laganefnd: Gert er ráð fyrir að yfirlestri tillagna laganefndar ljúki í næstu viku.
 - b. Jamboree 2011: Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur ritað BÍS bréf þar sem fram kemur að félagið treysti sér ekki til að taka þátt í Jamboree 2011 vegna kostnaðar.
 - c. Smiðjuhópurinn: HS upplýsti að möguleg innganga Smiðjuhópsins í SSR verði rædd á félagsforingjafundi SSR í næstu viku.
12. Umræðuefni: Vinnufundur stjórnar og ráða BÍS: Síðasti fundur gekk mjög vel þó ákveðinn galli sé að mæting var mis góð frá ráðunum. Rétt er að bjóða til skiptis upp á helgarfundum og kvöldfundum. Einnig er rétt að kanna möguleika þess að 2svar-3svar á ári fundi öll ráðin á sama stað og á sama tíma og hafi þess vegna möguleika til að skiptast beint á skoðunum, auk þess að hittast og borða saman.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði JA